

ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2019

júlí – desember

ÖRNEFNANEFND

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

Sími 525 4432 og 525 4433 – Netfang ornefnanefnd@hi.is

http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um örnefni nr. 22/2015, sbr. og lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006, með síðari breytingum, lög um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, með síðari breytingum og lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Ný Örnefnanefnd var skipuð þann 24. september 2019 og er skipunatímabilið til 23. september 2023. Nefndina skipa:

Bergur Þorgeirsson formaður, án tilnefningar.

- Varamaður: *Birna Kristín Svavarsdóttir*.

Enar Sveinbjörnsson varaformaður, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Gunnar H. Kristinsson, tilnefndur af umhverfi- og auðlindaráðuneyti.

- Varamaður: *Eydís Líndal Finnbogadóttir*.

Jónína Hafsteinsdóttir, tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

- Varamaður: *Birna Lárusdóttir*.

Þórdís Edda Jóhannesdóttir, tilnefnd af Íslenskri málnefnd.

- Varamaður: *Sigurður Konráðsson*.

Emily Lethbridge, rannsóknarlektor á nafnfræðisviði Árnastofnunar, og Aðalsteinn Hákonarson, verkefnisstjóri á sama stað, starfa með Örnefnanefnd og sitja fundi nefndarinnar. Aðalsteinn hefur ritað fundargerðir.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnafræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Laugavegi 13 í Reykjavík.

Verkefni

Verkefni Örnefnanefndar eru skv. lögum þessi:

1. að veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni hafi risið ágreiningur um það efni og honum skotið til nefndarinnar;
2. að úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi hafi risið ágreiningur um það efni og honum skotið til nefndarinnar;
3. að úrskurða um nöfn á skiltum opinberra aðila;
4. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags;
5. að veita umsögn um nafn sveitarfélags, sbr. 6. gr. laga um örnefni;

6. að veita umsögn um nafn á nýju náttúrufríbærri innan sveitarfélags;
 7. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.
- Örnefnanefnd er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

Heimasíða

<https://arnastofnun.is/is/ornefnanefnd>

<http://ornefnanefnd.is/> (vísar beint á svæði nefndarinnar á heimasíðu Árnastofnunar).

Á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum má m.a. finna aðgang að lögum um örnefni nr. 22/2015, ársskýrslum Örnefnanefndar frá árinu 1998, megin sjónarmiðum nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga og skráum um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998. Enn fremur er þar að finna leiðbeiningar nefndarinnar um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufríbæra og reglugerð um störf Örnefnanefndar.

Fundir

Haldinn var einn formlegur fundur í Örnefnanefnd seinni hluta ársins 2019, þ.e. 15. október.

Að auki sat hinn nýi formaður tvo óformlega kynningarfundir um störf Örnefnanefndar, þann fyrri 11. október með Jónínu Hafsteinsdóttur, fulltrúa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í nefndinni, og Aðalsteini Háskonarsyni og Emily Lethbridge, starfsfólki nafnfræðisviðs Árnastofnunar, og þann seinni þann 21. nóvember með Þórunni Sigurðardóttur, fyrrverandi formanni.

Umsagnir, álit og úrskurðir

Fjögur formleg erindi bárust Örnefnanefnd seinni hluta ársins þar sem óskað var eftir umsögn eða álit nefndarinnar. Þar á meðal var fyrirspurn frá Landmælingum Íslands um hvort Blávatn – nafn á stöðuvatni sem nýlega hefur myndast á Oki og farið er að nota nokkuð á opinberum vettvangi – hafi komið til afgreiðslu hjá Örnefnanefnd, en svo var ekki.

Örnefnanefnd bárust nokkrar fyrirspurnir seinni hluta ársins sem svarað var símleiðis eða með tölvupósti af starfsmönnum nafnfræðisviðs.

Samstarf

Örnefnanefnd og nafnfræðisvið hafa verið í samstarfi við Þjóðskrá Íslands um staðföng og vandamál varðandi skráningar. Nefndin hefur ennig verið í samstarfi við Landmælingar Íslands um ýmis mál.

Nafnfræðisvið Árnastofnunar

Starfsmenn nafnfræðisviðs veita einstaklingum og sveitarfélögum ráðgjöf um örnefni, þ.m.t. bæjarnöfn.

Reykholti, 29. apríl 2021



ÖRNEFNANEFD
Bergur Þorgeirsson, formaður